

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
Pétur Ingi Haraldsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

**AFRIT**



Reykjavík, 19. nóvember 2014  
Tilvísun: UST20141100089/bs

### **Framkvæmdaleyfi - Gjáin Þjórsárdal - umsögn**


Vísað er til bréfs Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu dags. 13. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint framkvæmdaleyfi.


Fyrirhugað er að byggja tröppur frá núverandi bílastæði og auðvelda þannig aðkomu að göngustíg neðan við fyrirhugaðar tröppur. Markmið framkvæmdarinnar er að auka aðgengi m.a. fatlaðra að svæðinu.

Gjáin er hluti svæðis nr. 731 á náttúruminjaskrá. Náttúruverndargildi svæðisins er m.a. talið vera: „*Fagrir fossar á vinsælu útivistarsvæði. ... Gjáin er sérstætt gljúfur og þar eru athyglisverðar bergmyndanir.*“

Umhverfisstofnun telur að umrædd framkvæmd muni ekki hafa neikvæð áhrif á náttúruverndargildi svæðisins. Þó óumflýjanlegt sé að nokkuð jarðrask muni fylgja framkvæmdinni þegar undirstöðum er komið fyrir munu tröppurnar þegar þær eru komnar í notkun hlífa landi fyrir frekari átroðningi og jafnframt bæta aðgengi að svæðinu. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd við Gjána.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur